



Alþýðusamband Íslands



STARFS- OG FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

Samþykkt af miðstjórn Alþýðusambands Íslands 6. janúar 2021

Innihald

Inngangur	3
Áherslur ársins 2021 í hnotskurn.....	3
Fjárhagsáætlun 2021	4
Nánnar um verkefni ársins 2021	6
44. þing ASÍ: framhaldsþing.....	6
Vinnumarkaðsmál, atvinnumál og afkomuöryggi í tengslum við COVID-kreppuna.....	6
Vinnuvernd og vinnustaðæftirlit	6
Opinber fjármál	6
Lífeyrismál	6
Kjarasamningar og umhverfi þeirra.....	7
Endurskoðun á skipulagi ASÍ.....	7
Átaksverkefni í tengslum við Alþingiskosningar	7
Rannsóknir og greining.....	7
Þjónusta við aðildarfélögin.....	7
Menntamál og fræðsla	8
ASÍ-UNG.....	8
Skrifstofa ASÍ.....	8
Svið stefnumótunar og greiningar.....	8
Svið kjarasamninga og þjónustu við aðildarfélög.....	8
Svið fræðslu og þekkingar	9
Skrifstofa framkvæmdastjóra.....	9
Teymi á skrifstofu ASÍ.....	9
Innra starf skrifstofu ASÍ.....	9
Nefndir ASÍ.....	10
Alþjóðanefnd.....	10
Efnahags- og skattanefnd	10
Húsnæðisnefnd.....	11
Vinnumarkaðs-, atvinnumála og jafnréttisnefnd	11
Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd	11
Menntanefnd.....	12
Fjölmiðla- og kynningarnefnd.....	12
Umhverfis- og neytendanefnd	12
Skipulags- og starfsháttanefnd	12
Aðrar nefndir	13



Inngangur

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótast á árum og áratugum. Skilgreint hlutverk ASÍ er eftirfarandi:

- Samráð og samstarf um stefnumótun innan samtakanna.
- Samráð og samskipti við önnur samtök launafólks í sameiginlegum málum.
- Samráð og samskipti við stjórnvöld í sameiginlegum málum.
- Samráð og samskipti við samtök atvinnurekenda í sameiginlegum málum.
- Samskipti við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalýðshreyfingu.
- Þróun og miðlun þekkingar um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.
- Þjónusta og upplýsingamiðlun til aðildarsamtakanna.

Sambandsþing ASÍ er æðsta vald í málefnum sambandsins og miðstjórn fer með málefni sambandsins á milli þinga. Forseti ASÍ fer með daglega forystu fyrir sambandið á skrifstofu þess og framkvæmdastjóri ASÍ er ábyrgur fyrir daglegum rekstri skrifstofunnar. Varaforsetar gegna í forföllum forseta og mynda einnig teymi sem fundar reglulega með forseta og framkvæmdastjóra.

Áherslur ársins 2021 í hnotskurn

Starfsemi ASÍ á árinu 2021 mun markast af stöðunni á vinnumarkaði, framvindu kreppunnar og Alþingiskosningum sem fara fram í september. Áframhald 44. þings ASÍ mun setja mark sitt á verkefni ársins og fylgt verður eftir þeim ályktunum sem þegar hafa verið samþykktar og lúta annars vegar að innra starfi sambandsins og hins vegar að vinnumarkaðsmálum almennt. Áherslur ársins eru sem hér segir:

- 44. þing ASÍ: framhaldsþing
- Vinnumarkaðsmál, atvinnumál og afkomuöryggi
- Vinnuvernd og vinnustaðaeftirlit
- Opinber fjármál
- Lífeyrismál
- Kjarasamningar og umhverfi þeirra
- Endurskoðun á skipulagi ASÍ
- Átaksverkefni í tengslum við Alþingiskosningar
- Rannsóknir og greining
- Þjónusta við aðildarfélögin
- Menntamál og fræðsla
- ASÍ-UNG

Nánar er fjallað um þessi atriði hér á eftir.



Fjárhagsáætlun 2021

Fjárhagsáætlun 2021

	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Breytingar í kr.
Skatttekjur ASÍ	472.713.937	491.074.868	18.360.931
Framlög v. Hagdeildar	30.000.000	30.000.000	0
Framlög v. MFA	2.904.000	2.796.000	-108.000
Sérverkefni	1.700.000	0	-1.700.000
Rekstrartekjur alls	507.317.937	523.870.868	16.552.931
Laun	219.311.650	282.078.169	62.766.519
Launatengd gjöld	82.354.130	95.035.663	12.681.533
Verðlagseftirlit	3.900.000	4.155.912	255.912
Páttaka annarra í launum og launtengdum gjöldum		-32.676.543	
Laun og launatengd gjöld alls	305.565.780	348.593.201	43.027.421
Miðstjórn, fastanefndir og samráð	10.500.000	7.000.000	-3.500.000
Þing/formannafundur	16.000.000	12.000.000	-4.000.000
ASÍ-UNG	3.500.000	3.450.000	-50.000
Samráð og stefnumótun	30.000.000	22.450.000	-7.550.000
Iðgjöld til alþjóðasamtaka	8.628.000	10.590.892	1.962.892
Pátttaka í fundum erlendis	10.000.000	5.000.000	-5.000.000
Alþjóðlegt samráð og stefnumótun	18.628.000	15.590.892	-3.037.108
Auglýsinga- og kynningamál	16.600.000	16.000.000	-600.000
Styrkveitingar	3.300.000	3.500.000	200.000
Vinnan	2.500.000	2.500.000	0
Eigin útgáfur	4.500.000	4.500.000	0
Heimasíða	3.000.000	3.500.000	500.000
Klukk	2.500.000	2.500.000	0
Þýðingar	2.500.000	5.000.000	2.500.000
Skoðanakannanir	3.000.000	3.000.000	0
Rannsóknir og greining	1.000.000	1.000.000	0
Verðkannanir / Þróunarvinna	500.000	1.200.000	700.000
Almenn upplýsingastarfsemi	39.400.000	42.700.000	3.300.000
Þróun efnis	2.500.000	3.000.000	500.000
Genfarskóli	1.000.000	1.000.000	0
Niðurgreiðsla á námskeiðum aðildarfélaga	5.700.000	3.800.000	-1.900.000
Félagslegir fundir náms og ráðstefnur	4.500.000	8.500.000	4.000.000
Einn réttur ekkert svindl/vinnustaðaeftirlit	8.000.000	3.550.000	-4.450.000
Umhverfis- og neytendamál	1.400.000	1.500.000	100.000
Annað, og ófyrirséð	3.000.000	2.600.000	-400.000
Listasafn Skattur	18.290.553	18.169.770	-120.783
Fræðsla og félagslegur kostnaður	44.390.553	42.119.770	-2.270.783
Aðkeypt þjónusta	16.000.000	16.999.272	999.272
Skrifstofukostnaður	11.000.000	15.066.009	4.066.009
Húsnæðiskostnaður	44.500.000	46.758.721	2.258.721
Pátttaka annarra	-4.700.000	-5.407.893	-707.893
Rekstur skrifstofu	66.800.000	73.416.109	6.616.109
Afgangur 2020 í átaksverkefni		40.000.000	40.000.000
Rannsóknarstofnun	11.000.000	11.000.000	0



Afskriftir búnaðar	4.700.000	4.700.000	0
Rekstrarkostnaður alls	520.484.333	600.569.972	80.085.639
Afkoma fyrir fjármagnsliði	-13.166.396	-76.699.104	-63.532.708
Vaxtatekjur	21.964.000	34.000.000	12.036.000
Fjármagnsliðir alls	21.964.000	34.000.000	12.036.000
Afkoma ársins	8.797.604	-42.699.104	-51.496.708



Nánar um verkefni ársins 2021

Í þessum kafla er nánari útlitun á þeim verkefnum sem verða á oddinum á árinu 2021. Tekið er fram að þetta er ekki tæmandi upptalning á verkefnum ASÍ heldur helstu áhersluatriði fyrir starfsárið.

44. þing ASÍ: framhaldsþing

44. þingi ASÍ verður fram haldið 11. og 12. maí nk. og er þá stefnt að því að þingfulltrúar komi saman á Hótel Nordica í Reykjavík. Þema þingsins er *Réttlát umskipti* og liggja þinggögn þegar fyrir. Áfram verður haldið að móta áherslur þingsins og byggja undirstöður góðar stefnumótunar og lýðræðislegrar ákvarðanatöku.

Vinumarkaðsmál, atvinnumál og afkomuöryggi í tengslum við COVID-kreppuna

Vinumarkaðsmál verða í brennidepli og COVID-kreppan mun setja mark sitt á starfsemi ársins 2021. Atvinnulausum hafði þegar tekið að fjölga fyrir kreppuna og því hætt við að langtímaatvinnuleysi aukist. ASÍ hefur frá upphafi kreppunnar lagt áherslu á það að tryggja afkomuöryggi fólks sé lykilatriði til að fyrirbyggja langtímaskaða af kreppunni. Þessar áherslur verða allsráðandi á árinu 2021 og mun kastljósinu vera beint að atvinnutækifærum, menntun og fræðslu fyrir atvinnuleitendur og hækkun atvinnuleysisbóta. ASÍ mun sérstaklega fjalla um viðkvæma hópa á vinnumarkaði sem eru jafnframt áberandi í röðum atvinnuleitenda, t.a.m. útlendinga og ungt fólk, og leggja sín lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn heimilisofbeldi og öðru kynbundu ofbeldi, sem hefur færst í aukana í COVID-kreppunni. Samhliða verður *Réttu leiðinni* fylgt eftir af fullum þunga en með henni setti ASÍ fram sýn um leiðina út úr kreppunni. Þá verða réttlát umskipti sérstaklega til umfjöllunar í samræmi við yfirskrift 44. þings ASÍ og fjallað um græna atvinnusköpun í því sambandi.

Vinnuvernd og vinnustaðaeftirlit

Á árinu 2021 mun ASÍ vinna að tillögum um frekari eflingu vinnustaðaeftirlitsins, eftirfylgni og úrræði vegna brota. Í samráði við aðildarfélögin og starfandi eftirlitsfulltrúa verður skoðað hvort og þá hvernig megi þróa áfram hlutverk ASÍ í tengslum við vinnustaðaeftirlitið. Þá verða málefni vinnuverndar tekin til skoðunar innan sambandsins og sérstaklega hvað varðar sérþekkingu á skrifstofu ASÍ.

Opinber fjármál

Þegar kreppan líður undir lok mun hefjast slagur um hvernig eigi að mæta auknu skuldahlutfalli ríkisins. Í stuttu máli stendur valið á milli blóðugrar niðurskurðarstefnu og þess að nýta áfram sveigjanleika ríkisfjármálanna og láta fjármálareglur mæta afgangi. ASÍ mun berjast af alefli fyrir því að reikningur vegna kreppunnar verði ekki sendur almenningi í formi niðurskurðar, gjaldtöku eða skattahækkana á launafólk á allra næstu árum. Þá mun ASÍ krefjast þess að stjórnvöld og Seðlabankinn gangi í takt og beiti öllum úrræðum til að tryggja almannahag í gegnum kreppuna og uppbyggingu eftir hana.

Lífeyrismál

Lífeyrismál verða eitt af stóru verkefnum ASÍ árið 2021, enda stendur nú fyrir dyrum vinna á vegum stjórnvalda – og með vísan til Lífskjarasamningsins – við gerð Grænbókar um lífeyrismál. ASÍ þarf að hafa skýrt framlag inn í þá vinnu, enda er stutt frá Grænbók til Hvítbókar sem getur markað stefnu í málaflöknum til áratuga. Árið 2021 mun ASÍ vinna að því að skilgreina sameiginlega hagsmuni launafólks varðandi lífeyrismál í víðum skilningi og tryggja að umræða um lífeyrismál fari ekki fram á forsendum sérhagsmunaaflla heldur verði samtryggingarhugsunin höfð í heiðri.



Kjarasamningar og umhverfi þeirra

Kjarasamningar sjómanna eru lausir á árinu 2021 og samningar í áliðnaði sömuleiðis en þeir gilda fram á sumar. Í september 2021 skal forsendunefnd almennu samninganna meta hvort forsendur um kaupmátt launa og vexti hafi staðist og hvort þær stjórnvaldsákvæðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið er í yfirlýsingum ríkisstjórnar í tengslum við lífskjarasamninginn hafi staðist. Skjal forsendunefndin skila niðurstöðum sínum tilkynna fyrir lok september 2021. ASÍ mun styðja við aðildarfélögin við að fylgja Lífskjarasamningnum og öðrum kjarasamningum eftir og hvergi hvika frá umsömdum kjarahækkunum. ASÍ mun fylgja eftir þeim loforðum sem stjórnvöld gáfu í tengslum við Lífskjarasamningana af krafti. Þá mun ASÍ leitast við að efla þekkingu á umhverfi kjarasamninga og veita þjónustu við að undirbúa næstu kjarasamningalotur og viðbrögð við hugsanlegum forsendubresti. ASÍ mun móta sér afstöðu til starfa Grænbókarnefndar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál sem hefur verið sett á laggirnar á vegum forsætisráðuneytisins og stefnir að því að gefa út skýrslu á vormánuðum 2021.

Endurskoðun á skipulagi ASÍ

Skipulag ASÍ er í stöðugri mótun. Fyrir 44. þingi liggja viðamiklar tillögur um breytingar á skipulagi ASÍ. Strax í upphafi árs 2021 mun ASÍ hefjast handa við skoðun á þeim tillögum með það að markmiði að undirbyggja öflugna og lýðræðislega umræðu og ákvarðanatöku á framhaldsþingi ASÍ í maí. Umræðu um skipulag stéttarfélagsaðildar í samræmi við gildissvið og gildissvið kjarasamninga verður haldið áfram. Á árinu mun ASÍ einnig móta tillögur um aukna fjölbreytni innan hreyfingarinnar og skoða hvernig hreyfingin geti endurspeglad félagsmenn sína og hagsmuni þeirra sem best. Þarna verður meðal annars litið til þátttöku fólks af erlendum uppruna í starfi hreyfingarinnar og þeirrar þjónustu sem útlendingum stendur til boða, ásamt því að skoðað verður hvernig megi efla enn frekar þátttöku ungs fólks í hreyfingunni.

Átaksverkefni í tengslum við Alþingiskosningar

Alþingiskosningar fara fram 25. september 2021. Þessar kosningar verða sérstaklega mikilvægar þar sem þar verða lagðar línurnar fyrir enduruppbyggingu eftir kreppuna. Starfsemi ASÍ á árinu mun litast af þessum kosningum og mun ASÍ beita sér fyrir því að þær snúist um atvinnumál, græna uppbyggingu, velferðarmál og afkomuöryggi fólks. Þetta verður meðal annars gert með því að útbúa kosningaáherslur í samtali við önnur heildarsamtök launafólks og almannaheillasamtök sem byggja meðal annars á stefnu ASÍ og krefja stjórnvaldaflokkana um afstöðu til þeirra mála sem eru launafólki og almenningi öllum mikilvægust. Samhliða verður ráðist í átak í upplýsinga- og kynningarmálum til að koma hagsmunum launafólks á framfæri. Til að vinna að þessu verkefni mun ASÍ nýta fjármuni sem eru afgangi frá árinu 2020 vegna breyttra vinnuaðstæðna í tengslum við COVID í sérstakt átaksverkefni í tengslum við kosningar.

Rannsóknir og greining

ASÍ mun halda áfram að efla rannsóknir og greiningu á stöðu og hagsmunum launafólks. Varða – rannsóknastofnun í vinnumarkaðsmálum mun halda áfram starfsemi sinni en hún hefur m.a. staðið fyrir veffundum undir yfirskriftinni *Rétta leiðin út úr kreppunni* og unnið rannsókn á þjónustu við atvinnuleitendur.

Þjónusta við aðildarfélögin

Skrifstofa ASÍ mun leitast við að efla þjónustu við aðildarfélögin á ákveðnum sviðum á árinu 2021. Sérstaklega verður skoðað hvort og þá hvernig megi aðstoða félögin við að ná í meira mæli til erlendra félagsmanna, m.a. með túlka- og þýðingarþjónustu sem er nú á tilraunastigi. Þá mun skrifstofan leitast við að efla enn frekar upplýsingamiðlun til aðildarfélaganna um helstu málefni sem

varða hagsmuni launafólks til að efla þau í almennri umræðu og baráttu fyrir sína félagsmenn. Áfram verður lagður metnaður í að halda úti vönduðum og trúverðugum vinnuréttarvef.

Menntamál og fræðsla

Mennta- og fræðslumál eru alltaf mikilvæg í starfi ASÍ og sérstaklega á tímum þar sem atvinnuleysi er mikið. ASÍ mun fylgja því fast eftir að tillögur samhæfingarhóps um atvinnu og menntaúrræði komi til framkvæmda og séu að fullu fjármagnaðar. Áhersla verður lögð á að tillögur verði mótaðar eftir því sem betur skýrist hvernig hópur atvinnuleitenda verður samansettur. ASÍ mun sérstaklega beita sér fyrir fræðsluúrræðum sem beinast að fólki sem ekki er með íslensku að móðurmáli og leggja áherslu á að auka þekkingu aðildarfélaga og félagsmanna á raunfærnimati. Þá verður áfram unnið að hugmyndum um fagháskóla. Á árinu verða einnig lögð drög að heildarendurskoðun á fræðslustarfi innan verkalyðshreyfingarinnar.

ASÍ-UNG

ASÍ-UNG fagnar tíu ára afmæli sínu á árinu 2021. Af því tilefni er kjörið að fjalla um hvernig málefnum ungs fólks er fyrir komið innan ASÍ og hvort ástæða sé til að gera breytingar þar á. Til stuðnings þessu starfi hefur verið sett niður teymi á skrifstofu ASÍ sem vinnur í samráði við stjórn ASÍ-UNG.

Á árinu 2021 mun ASÍ-UNG beina sjónum sínum sérstaklega að atvinnumálum ungs fólks og vinnumarkaðsaðgerðum sem beinast að ungu fólki sérstaklega. ASÍ-UNG mun standa fyrir viðburðum og fræðsludögum og halda þing sitt sem nú verður árlegt í stað þess að vera á tveggja ára fresti. Þá mun ASÍ-UNG vinna markvissar að auknum sýnileika, ekki síst á samfélagsmiðlum.

Skrifstofa ASÍ

Skipulag skrifstofu ASÍ tók breytingum á árinu 2020. Innan hennar starfa nú þrjú svið, auk skrifstofu framkvæmdastjóra. Þá starfa þvert á skrifstofuna teymi sem sinna tímabundnum verkefnum eftir áherslum miðstjórnar og skrifstofunnar hverju sinni. Starfsemi skrifstofunnar mun markast af framangreindum áhersluatriðum, auk venjubundinnar starfsemi.

Svið stefnumótunar og greiningar

Svið stefnumótunar og greiningar sinnir greiningu á efnahags- og vinnumarkaðsmálum. Sviðið útbýr hagspá og vinnur aðrar greiningar eftir þörfum sem undirbyggja starf og stefnumótun ASÍ. Sviðið sinnir greiningu, skýrslugerð, úttektum og umsögnum á sviði velferðarmála, heilbrigðismála, atvinnumála og skattamála og fjallar um fjármál og fjárveitingar hins opinbera, einkum í tengslum við fjármálastefnu, fjármálaáætlanir og fjárlög. Sviðið kemur einnig að vinnu við árlega skýrslu um íslenskan vinnumarkað í samvinnu við svið kjarasamninga og þjónustu. Sviðið mun halda yfirsýn yfir starf málefnanefnda ASÍ og leitast við að tryggja samhæfingu milli nefnda. Sviðið sinnir sérstaklega eftirtöldum málaflokkum: vinnumarkaðsmál, jafnréttismál, réttlát umskipti, velferðarmál, atvinnumál, umhverfismál með áherslu á vinnumarkað og neytendamál. Verðlagseftirlit ASÍ heyrir einnig undir sviðið. Þá tekur sviðið þátt í undirbúningi og eftirfylgni er varðar þá þætti kjarasamninga sem snerta viðfangsefni þess.

Svið kjarasamninga og þjónustu við aðildarfélög

Svið kjarasamninga og þjónustu við aðildarfélög sinnir túlkun kjarasamninga og aðstoð við kjarasamningagerð. Sviðið sinnir útreikningum og miðlun og yfirferð upplýsinga um kjara- og vinnumarkaðsmál. Sviðið veitir lögfræðilega ráðgjöf til forystu sambandsins og aðildarfélaga á sviði vinnuréttar og félagsstarfa og starfar með nefndum sem varða innri málefni ASÍ. Sviðið vinnur skýrslu



um íslenskan vinnumarkað í samráði við svið stefnumótunar og greiningar. Innan sviðsins er einnig þjónusta sem varðar samskipti milli aðildarféлага og skrifstofunnar og útreikningar á árlegum sköttum til ASÍ. Vinnueftirlitið og vinnuvernd eru innan þessa sviðs, ásamt lífeyrismálum og húsnæðismálum. Jafnframt annast sviðið umræðu og eftirfylgni með skipulagi ASÍ og eftirlit með lögboðinni starfsemi aðildarfélaganna og sjóða þeirra.

Svið fræðslu og þekkingar

Svið fræðslu og þekkingar veitir stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu, með áherslu á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalyðshreyfingarinnar. Félagsmálaskóli alþýðu er starfræktur innan sviðsins en hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks. Svið fræðslu og þekkingar vinnur að stefnumarkandi áherslum í mennta- og vinnumarkaðsmálum í samráði við yfirvöld, atvinnulíf og menntastofnanir á öllum stigum og innan ASÍ. Sviðið sinnir einnig upplýsinga- og kynningarmálum ASÍ.

Skrifstofa framkvæmdastjóra

Skrifstofa framkvæmdastjóra heldur utan um daglegan rekstur ASÍ, s.s. fjármál, bókhald, aðföng, skjalastjórn, gæðamál og starfsmannamál. Mötuneyti ASÍ heyrir einnig undir skrifstofu framkvæmdastjóra.

Teymi á skrifstofu ASÍ

Þvert á sviðin starfa teymi sem eru breytileg eftir viðfangsefnum hvers tíma. Fyrir hverju teymi fer einn teymisstjóri sem tryggir framgang verkefna teymisins.

Teymi sem eru starfandi í ársbyrjun 2021 eru eftirfarandi:

- Teymi um málefni útlendinga.
- Teymi um gerð fræðslumyndbanda um réttindi á vinnumarkaði.
- Teymi um málefni ASÍ-UNG.
- Teymi um upplýsinga- og kynningarmál.
- Teymi um vinnustaðaeftirlit.

Ný teymi munu taka til starfa eftir þörfum.

Innra starf skrifstofu ASÍ

Ýmis innri verkefni standa fyrir dyrum hjá skrifstofu ASÍ á árinu 2021. Skipting verkefna og samstarf milli sviða verður í stöðugri mótun með það að markmiði að skipulagið þjóni starfsemi ASÍ sem best. Innleiðing félagskerfis ASÍ í gengum DK hefur tafist vegna COVID en henni verður lokið á árinu 2021. Farið verður yfir æskilega notkun á Teams og Share Point í samhengi við Go Pro skjalastjórnunarkerfið. Lokið verður við breytingar á kaffiaðstöðu starfsmanna, sem og á Bárubúð sem er verið að breyta í fjölnota rými. Ef nýr fjarfundarbúnaður í Bárubúð gefst vel verða skoðaðir möguleikar á að fjárfesta í slíkum búnaði fyrir önnur fundarherbergi. Þá verður skoðað hvort gera eigi breytingar á afgreiðslu ASÍ. Í upphafi árs verður stefnt að því að fá sjúkraþjálfara til að taka út starfsaðstöðu starfsfólks en nokkuð er liðið síðan það var gert síðast. Ráðist verður í framkvæmdir á mötuneyti til að bæta starfsaðstöðu þar. ASÍ hlaut jafnlaunavottun á árinu 2020 og stendur árleg endurskoðun fyrir dyrum í ágúst 2021.



Í samhengi við þessa starfsáætlun og þá stefnu að verkalýðshreyfingin dragi ekki saman seglin á krepputímum má gera ráð fyrir fjölgun stöðugilda á skrifstofunni. Nýr vinnumarkaðssérfræðingur tekur til starfa í ársbyrjun, auk þess sem stefnt er að því að ráða inn hagfræðing og pólskumælandi sérfræðing og efla fjölmiðla- og kynningarstarfsemi sambandsins í tengslum við átaksverkefni vegna Alþingiskosninga með því að ráða inn sérfræðing í samfélagsmiðlum og tímabundinn verkefnisstjóra yfir átaksverkefninu. Til álita kemur að nýta úrræði Vinnuálastofnunar um ráðningar af atvinnuleysisskrá til að taka þátt í að fjölga atvinnutækifærum. Þá verður lagt mat á þörf fyrir frekari breytingar eftir framvindu verkefna ársins og annarra breytinga á starfsmannahaldi og gert er ráð fyrir einni sérfræðingsstöðu til viðbótar í fjárhagsáætlun.

VIRK mun flytjast úr Guðrúnartúni á árinu 2021 og þá þarf ASÍ að fá nýja leigjendur í það rými sem VIRK hefur notast við á 1. hæð. Þetta getur haft í för með sér tímabundinn samdrátt í leigutekjum. Jafnframt getur þetta haft í för með sér breytingar á mötuneytinu en VIRK hefur samnýtt það með ASÍ og Gildi.

Nefndir ASÍ

Starf nefnda ASÍ mun markast af þeim áherslum sem settar eru í þessari áætlun fyrir árið 2021. Nefndirnar hafa frumkvæði að málefnavinnu og stefnumótun og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og þinga ASÍ. Nefndirnar geta efnt til samráðs innan og utan hreyfingarinnar og eru sérstaklega hvattar til að standa fyrir opnum viðburðum. Hér á eftir fer yfirlit yfir nefndir fyrir árin 2020–2022 ásamt helstu verkefnum sem þær munu sinna. Nefndirnar setja sér nánari starfsáætlanir.

Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd fjallar um þátttöku ASÍ í baráttu fyrir réttindum launafólks á alþjóðavísu. Alþjóðanefnd fylgir eftir starfi ASÍ og umfjöllun um réttindi launafólks á vettvangi NFS, ETUC, ITUC, ILO, TUAC og í ráðgjafarnefndum EFTA og EES.

Á árinu 2021 mun alþjóðanefnd sérstaklega:

- Fylgjast með alþjóðlegri stefnumótun um viðbrögð við COVID-kreppunni og tryggja miðlun þekkingar inn í hreyfinguna.
- Fylgjast með umfjöllun um réttlát umskipti á alþjóðavettvangi, einkum innan ITUC, og tryggja upplýsingamiðlun til aðildarsamtaka ASÍ.
- Fylgja eftir stefnu ASÍ í málefnum Palestínu, þ.m.t. undirbúa umfjöllun og afgreiðslu samþykktar um sniðgöngu á ísraelskum vörum á framhaldsþingi ASÍ í maí og undirbúa heimsókn fulltrúa frá Palestínu á þingið.
- Vinna áfram að því að samræma betur starf fulltrúa aðildarsamtaka ASÍ í stjórnnum, nefndum og ráðum á alþjóðlegum vettvangi.

Efnahags- og skattanefnd

Nefndin fjallar um efnahags- og skattamál í samhengi við stefnu og starfsemi ASÍ. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Halda áfram að vinna stefnu ASÍ í skattamálum og líta m.a. til auðlindaskatta, fjármagnstekjuskatta, auðlegðarskatta, grænna skatta og annarra skattstofna.
- Greina stöðu efnahagsmála, þar á meðal með tilliti til COVID-kreppunnar.



- Hafa eftirfylgni með stefnu í opinberum fjármálum.

Húsnæðisnefnd

Nefndin fjallar um húsnæðismál, lánamöguleika, félagslega húsnæðiskerfið og almenna húsnæðiskerfið. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Fylgjast með þróun húsnæðismála í tengslum við COVID-kreppuna og gera tillögur til að koma í veg fyrir að húsnæðisvandinn dýpki.
- Greina virkni þeirra úrræða sem þegar eru í boði, þar á meðal húsnæðisstuðningskerfið, hlutdeildarlán og nýtingu viðbótarlífeyrissparnaðar, og gera tillögur um frekari úrræði.
- Vinna að bættri réttarstöðu leigjenda, m.a. með vörnum gegn hækkun leigu.
- Fylgja því eftir að undið verði ofan af verðtryggingunni.
- Gera tillögur um úrbætur á lögum um samvinnufélög og húsnæðisfélög sem starfa án hagnaðar.
- Vinna að framfylgd stefnu ASÍ um að fólk þurfi ekki að verja meira en fjórðungi tekna sinna í húsnæðiskostnað.

Vinumarkaðs-, atvinnumála og jafnréttisnefnd

Nefndin fjallar um vinnumarkaðsmál og atvinnumál og jafnréttismál tengd vinnumarkaði. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Fjalla um atvinnumál og vinnumarkaðsaðgerðir í tengslum við COVID-kreppuna og koma með tillögur um úrbætur.
- Fylgjast með kynbundnum áhrifum COVID-kreppunnar og áhrifum á jaðarsetta hópa á vinnumarkaði og gera tillögur um stefnu og aðgerðir í málefnum útlandinga.
- Fjalla um réttlát umskipti í tengslum við framhald 44. þings sem fram fer undir þeirri yfirskrift.
- Gera tillögur um eflingu vinnustaðaeftirlitsins og styðja við skrifstofu ASÍ í að efla málefni vinnuverndar.
- Fylgja eftir tillögum um úrbætur vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði og þrýsta á um aðgerðaráætlun gegn mansali.
- Fylgja eftir heildarendurskoðun jafnréttislaga og breytingum á lögum um fæðingarorlof.

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd

Nefndin fjallar um lífeyris- og heilbrigðismál og almannatryggingar. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Móta stefnu ASÍ í tengslum við boðaða vinnu stjórnvalda að grænbók í lífeyrismálum.
- Fylgja eftir yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn er varðar lífeyrismál.
- Fjalla um örorkulífeyri almannatrygginga og móta tillögur til að draga úr skerðingum í almannatryggingakerfinu.
- Vakta greiðsluþátttöku sjúklinga

Menntanefnd

Nefndin sinnir stefnumótun um mennta- og fræðslumál og félagslega fræðslu. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Fjalla um stafræna hæfni til framtíðar.
- Fylgja eftir vinnumarkaðsaðgerðum vegna COVID-kreppunnar sem snúa að fræðslu.
- Skoða sérstaklega framboð á fræðslu fyrir útlendinga á vinnumarkaði og gera, eftir atvikum, tillögur að úrbótum.
- Fylgja eftir þróun raunfærnimats á móti viðmiðum atvinnulífsins.

Fjölmiðla- og kynningarnefnd

Nefndin fjallar um fjölmiðla- og kynningarmál. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Gera tillögur um aukna fjölmiðlastarfsemi til að styrkja málstað launafólks, sbr. ályktun um innra starf.
- Vinna að átaksverkefni vegna Alþingiskosninga með það að markmiði að koma hagsmunum launafólks og almennings sérstaklega á framfæri.

Umhverfis- og neytendanefnd

Nefndin sinnir stefnumótun og umfjöllun um umhverfis- og loftslagsmál, með sérstöku tilliti til þróunar atvinnamála, auðlindanýtingar, atvinnuuppbyggingar og neytendamála. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Fjalla um réttlát umskipti í tengslum við framhald 44. þing sem fram fer undir þeirri yfirskrift, í samvinnu við jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd.
- Halda áfram að greina umhverfismál með tilliti til vinnumarkaðar.
- Fjalla um framtíðarsýn ASÍ í neytendamálum.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Nefndin starfar skv. 30.gr. laga ASÍ og hefur auk þess það hlutverk að fylgja eftir lögum ASÍ og móta starfsreglur og framkvæmd vegna þeirra og að fjalla um breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða og fylgir því eftir að mat fari fram á framtíðarstöðu þeirra í samræmi við sérstakar starfsreglur skv. samþykkt miðstjórnar frá 9.1 2013. Hún er einnig vettvangur umfjöllunar um gerð og þróun samstarfssamningsins. Á árinu 2021 mun nefndin sérstaklega:

- Taka til skoðunar skipulag ASÍ, sbr. ályktun um innra starf.
- Halda áfram vinnu varðandi skipulag félagsaðildar.
- Fjalla um réttindaflutning milli sjúkrasjóða og samstarf þeirra.



Aðrar nefndir

Aðrar nefndir innan ASÍ eru m.a. laganefnd, starfs- og fjárhagsnefnd og launanevnd, sem allar fjalla um innri málefni og eftir lögum og reglum sambandsins. Þá starfa tímabundnar málefnefndir á vegum miðstjórnar sem taka fyrir stefnumótun í ákveðnum málaflokkum. Starfandi nefndir eru sem hér segir:

- Nefnd um umhverfi kjarasamninga: starfar í tengslum við vinnu stjórnvalda um grænbók um umhverfi kjarasamninga og í samhengi við ályktun 44. þings um innra starf.
- Nefnd um varnir fyrir heimili: vinnur að stefnu ASÍ um stuðningslán til heimilanna og úrræði fyrir jaðarsetta hópa.
- Nefnd um ótrygg ráðingásambönd: greinir umfang og eðli ótrygggra ráðingásambanda.
- Nefnd um endurmat á störfum kvennastétta: bakhópur vegna starfa nefndar á vegum stjórnvalda sem er gert að gera tillögur um endurmat á störfum kvenna.

Gert er ráð fyrir að þessar nefndir skili af sér á árinu 2021.

